



FIMMTUDAGUR 5. NÓVEMBER 2020

Tíska



Alexandra Briem lýsir sjálfri sér sem nördi af ýmsum toga en meðal þess sem hún hefur áhuga á eru spil, Star Trek og pólitík. Hún segist sérvitur þegar kemur að klæðaburði og að áhugi hennar á tíska hafi aukist talsvert síðastliðin ár. ➡4

Allra  
meina  
bót!



Kolbrún hennar nú skart undir nafninu VAKIR úr silfri og gullhúðuðu silfri. MYND/ÞÓRUNN BIRNA ÞORVALDSDÓTTIR.

# Hjartað og jörðin slá í takt í hönnuninni

Hönnunarferillinn hófst í raun hjá Kolbrúnu Ýri Gunnarsdóttur á einu pilsí sem hún saumaði sér í hálfgerðu hallæri. Nú hennar hún fallett silfurskart og gullhúðað undir nafninu VAKIR og eru umhverfissjónarmið aldrei langt undan. ➡2



Jóhanna María  
Einarsdóttir  
johannamaria@frettabladid.is



Framhald af forsiðu ➔

Kolbrún leiddist í tisku-bransann eftir útskrift úr textildeildinni í Kennaraskólanum árið 2003. „Ég var barnshafandi og á þeim tíma var ekkert til sem hét meðgöngufatnaður. Þannig að ég bjó mér til pils sem ég gekk mikið í og það vakti svo mikla athygli og gleði hjá bæði ófrískum og ekki ófrískum konum að ég hóf að framleiða þau,“ segir Kolbrún.

Eftir að hafa saumað pils fyrst fyrir vini og vandamenn byrjaði Kolbrún að selja pilsin í hönnunarversluninni Oni á Laugaveginum. „Þetta var mjög skemmtileg verslun og ein affyrstu búðunum sem seldi íslenska hönnun eftir marga hönnuði. Þar kynntist ég líka samferðamanneskju minni í hönnuninni, henni Írisi Eggertsdóttur. Nokkrum árum síðar stofnuðum við búðina KVK saman. Þá verslun rákum við í fimm ár uns mig langaði til að læra fatahönnun. Ég fór þá í fatahönnunarnám árið 2010 í IED Barcelona, sem var alveg yndislegur tími.“

Umhverfisvænt og grænt

Í náminu fékk Kolbrún mikinn áhuga á því að starfa umhverfisvænt. „Útskriftarverkefnið mitt var til dæmis að hanna út frá húsgögnum sem fólk setti út á götur Barcelona í hverri viku svo aðrir í hverfinu gætu nýtt þau. Mér fannst þetta svo falleg hugmynd og langaði að nota hana. Úr varð fatalína með húsgögnum. Ég gerði einnig skartgripalínu úr gömlu skarti sem ég átti og var þetta upphafið að umhverfisvæna fatamerkinu KOLBRUN sem var stofnað árið 2012.“

Orðakærleikur

Eftir að Kolbrún flutti heim frá Barcelona 2013 var hún hluti af Kirsuberjatrénu sem er rötgróin hönnunarverslun í miðbæ Reykjavíkur. „Þar kynntist ég yndislegri manneskju, Helgu Mogensen skartgripahönnuði. Árið 2015



Hálsmen úr útskriftarlinunni þar sem Kolbrún vann með hugmyndina um endurvinnslu. MYND/ÞÓRUNN BIRNA ÞORVALDSDÓTTIR.

”Þetta er óður til jarðarinnar ... Við þurfum því að huga vel að því hvernig við komum fram við hana svo að hjartað okkar og afkomenda okkar geti haldið áfram að slá.



Hjartað umkringt Jörðinni. Fall-egar endurunnar umbúðir setja punktin yfir i-ið. MYND/KEVIN PAGÉS.

fórum við að hanna skartgrip saman undir merkinu IDEM. Síðan þá hef ég verið að smíða skart í auknum mæli og stofnaði mitt eigið skartgripamerki árið 2018 undir merkinu VAKIR þar sem ég vinn með silfur. Nafnið er hugsað út frá kærleik ... ég vaki yfir þér, þú vakir yfir mér. Þetta er smá svona orðaleikur.“

Á HönnunarMars síðastliðnum frumsýndi Kolbrún skartgrip sem ber heitið Mitt hjartans mál! „Gripurinn er hálsmen úr silfri eða gullhúðuðu silfri og sýnir manns-hjartað umvafið jörðinni. Þetta er óður til jarðarinnar og þess að við sláum í takt við hana. Við þurfum því að huga vel að því hvernig við komum fram við hana þannig að hjartað okkar og afkomenda okkar geti haldið áfram að slá.“

Undir nafninu VAKIR selur Kolbrún einnig ilmtegundir sem hún afhógværð segir vera nett hliðarverkefni. „Sjálfs elska ég ilmkjarnaliur og er viðkvæm fyrir mörgum



Hér má sjá skart úr eldri línun Kolbrúnar. MYND/KYLE DIORIO.



Kolbrún byrjaði sinn hönnunarferil á því að sauma sér óléttufatnað sem vakti gríðarlega lukku hjá samferðafólki. MYND/ÞÓRUNN BIRNA ÞORVALDSDÓTTIR.



Ert þú með hjarta úr gulli?

MYND/KEVIN PAGÉS.



Kolbrúnu er mjög umhugað um umhverfissjónarmið þegar kemur að framleiðslu skartsins frá VAKIR sem og fatnaðarins. MYND/KEVIN PAGÉS.

ilmtegundum og þá ilmvatni aðallega, svo að ég fór að blanda mínar eigin ilmtegundir. Eftir að hafa oft verið spurð að því hvaða ilmvatn ég væri með, þá ákvað ég að leyfa öðrum að njóta, en ilminn geri ég undir VAKIR.“

Umhverfisvæn hönnun sem slær í takt

Kolbrúnu er mjög umhugað um umhverfisvernd og gerir allt hvað hún getur til þess að framleiða og hanna á sem umhverfisvænastan hátt. „Ég vel að hanna og framleiða allar mínar vörur á Íslandi og koma þannig í veg fyrir að varan sé að þvælast hingað og þangað með flugi. Ég vel einnig endurnýttan efnivið eða náttúrulegan efnivið sem urðast fljótt í náttúrunni. Ég nota einungis lifrænar vörur í ilmtegundirnar mínar og ég passa upp á að pakkningar séu úr endurunnum efnivið.“

„Það skiptir máli í umhverfisvænni hönnun að hún sé gegnsæ,

það er að segja að viðskiptavinurinn viti nákvæmlega hvernig varan er unnin og hvar. Það skiptir máli að velja efnivið sem endist vel og/eða efnivið sem urðast fljótt í náttúrunni og þar á ég aðallega við textíl. Það skiptir máli hvernig þú pakkar inn vörunni og að það sé ljóst hvernig sé hægt að flokka það sem flokka þarf, út frá því sem keypt er. Það skiptir líka miklu máli að vanda vel til verka og forðast offramleiðslu. Það gerist yfirleitt þegar hönnuðum er umhugað um efnisval, þá verður varan oft og tíðum dýrari og þá hvort eð er ekki möguleiki á offramleiðslu.“

Kolbrún segist vera dugleg að hanna nýtt skart og ilm og hvetur áhugasama um að fylgjast vel með á samfélagsmiðlum. Kolbrún heldur úti vefverslununum vakir.net og kolbrun.net fyrir skartið, ilminn og fatnaðinn. „Svo er nánast allt fánlegt í fállegu versluninni í Hafnarfirði, Litlu Hönnunar Búðinni, Strandgötu 19.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Ábyrgðarmaður: Torg ehf Björn Viglundsson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

KÁPUDAGAR

20% AFSLÁTTUR



Tískan BRAX MaxMara B/A/S/L/E/R

Skipholti 21 | Sími 551 0770





Fallegar  
yfirhafnir hjá  
Hrafnhildi

Skoðið // [www.hjahrafnhildi.is](http://www.hjahrafnhildi.is)



*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)





# Hallast að pönkstíl eins og mamma

Alexandra Briem lýsir sjálfri sér sem algjörum nörd á sviði spila, Star Trek og pólitíkur. Hún segist sérvitur þegar kemur að klæðaburði og að áhugi hennar á tisku hafi aukist talsvert síðastliðin ár.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiserne@frettabladid.is



Alexandra hefur áhuga á og er forvitin um allt á milli himins og jarðar. „Ég er algjört borgarbarn, eiginlega vandræðalega mikið. Ég fæddist í Reykjavík, og þó ég hafi ferðast, þá hef ég aldrei búið annars staðar. Ég er líka algjör nörd, spilanörd, Star Trek nörd, pólitískur nörd, ég hef rosalega gaman af því að pæla í heiminum, samfélaginu og framtíðinni.“

Alexandra starfar í borgarpólitíkinni og unir sér vel á því sviði. „Þess vegna liður mér eins og ég sé loksins komin á rétta hillu núna, en ég er sem sagt varaborgarfulltrúi Pírata, eftir að hafa unnið alls konar grasrótastarf með flokknum í nokkur ár, en í Reykjavík eru fyrstu varafulltrúar hvers flokks í 70% starfi og sitja sem aðalmenn í ráðum og nefndum, svo það er svolítið það sem á hug minn allan þessa dagana.“

## Ný veröld

Að sögn Alexöndru hefur hún lengst af átt í sérkennilegu sambandi við fatnað en hún er transkona sem hafði skiljanlega



Alexandra Briem hefur blómstrað á mörgum sviðum undanfarin ár og nýtur þess í botn þegar hún fær tækifæri til að klæða sig upp.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

**AFSLÁTTARDAGAR AF VÖLDUM NÝJUM VÖRUM**

*Betty Barclay*

**VATTÚLPUR líka til silfurlitaðar NÚ KR. 27.920**

**SKOÐIÐ NETVERSLUN LAXDAL.IS**

**LAXDAL ER Í LEIÐINNI**

**Fylgið okkur á FB**

**BERNHARD LAXDAL**  
SÍGILD KÁPUBÚÐ

**Skippholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is**

mikil áhrif á tiskuvitund hennar á yngri árum. „Það er reyndar býsna fyndið. Ég var alltaf í mínum uppvexti ansi sérvitur, en hafði engan áhuga eða smekk á tisku, fann mér einstaka sinnum eina og eina flik sem mér þótti falleg, alveg án samhengis við annað í mínum klæðaburði, og nánast undantekningarlaust var ég alein um þá skoðun að flíkin væri flott. Ég tengi það reyndar við það að ég var mjög djúpt í skápnum með að vera trans, og hafði engan áhuga á fatnaði fyrir stráka, fannst ég ekki geta litið út á hátt sem mér þætti skemmtilegur hvort eð er, svo ég var ekkert að pæla í því eða reyna.“

Alexandra segir transferli sitt hafa opnað nýjan heim fyrir sér hvað tisku snertir. „Merkilegt nokk, síðan ég fór í gang í mínu transferli og fór að klæða mig meira í samræmi við mína kynvitund, þá allt í einu fer ég að hafa áhuga á fötum og tisku. Ég er reyndar enn þá svolítið sérvitur, og að vissu leyti er ég svolítið að vinna mig í gegnum alls konar tisku sem ég missti af í mínum uppvexti.“

Hún rifjar upp spaugilegt atvik tengt fatakaupum. „Einu sinni var ég að skoða fót á netsíðu og var næstum því búin að kaupa kjól, áður en ég fattaði að hann var hrekkjavökubúningur. Ég var sem sagt komin út af almennu sölusíðunni þeirra og inn í búningana, og leist bara vel á. En sem betur fer hef ég aðeins þroskast síðan,“ segir hún brosandi.

„Ég versla samt enn þá mikið á netinu, en kíki líka reglulega í búðir til að skoða hvernig hlutirnir þróast. Ég er með mjög skýran smekk, mér líka stílhreinir litir, einföld form og praktísk hönnun. Hef ekki áhuga á blúndum, mynstrum eða þrjáli á fötum. Mér getur alveg þótt það fallegt á öðru fólki, en fyrir sjálfa mig hef ég mjög ákveðinn stíl. Þó auðvitað sé ég til í að prófa ýmislegt.“

Er eitthvað sem hefur komið þér á óvart undanfarin ár hvað fatnað snertir?

„Kannski helst hvað það getur verið gaman að pæla í því, hvað það getur skipt miklu máli að eiga góða skó, sem passa með tilteknum

Einu sinni var ég að skoða fót á netsíðu og var næstum því búin að kaupa kjól, áður en ég fattaði að hann var hrekkjavökubúningur. Ég var sem sagt komin út af almennu sölusíðunni þeirra og inn í búningana, og leist bara vel á. En sem betur fer hef ég aðeins þroskast síðan.

fatnaði, og hvað það er gaman að hafa góða ástæðu til að klæða sig aðeins upp á. Það kemur mér líka alltaf á óvart hvað ég hef sterkar og skýrar skoðanir á fötum, eftir að hafa vanist í því í mörg ár að hafa þær ekki, en ég veit alveg um leið hvort mér líkar við ákveðna flik eða samsetningu eða ekki.“

Hugsarðu mikið um hár, húð og neglur?

„Já, óneitanlega. Kannski sist neglur, en ég panta mér reglulega af netinu bæði tóner með witch hazel, C-vítamín serum og húðkrem, ásamt kollagentöflum fyrir húð, neglur og hár. Ég finn mikinn mun eftir að ég byrjaði á því, en samt mismikinn. Ég finn mikinn dagamun og árstíðamun líka, ég er alltaf þurrari á veturna til dæmis. En síðan ég byrjaði að vinna í pólitíkinni hef ég reynt að vera dugleg að passa upp á hárið, og fer reglulega í klippingu og litun hjá Reykjavík Hair.“

Alexandra segir mikilvægt fyrir sig að ytra útlit endurspegli hennar kynvitund. „En það er heldur ekkert leyndarmál að mig varðar

mikið um þetta, ég fór í dýra aðgerð á Spáni sumarið 2019, en þar var enníð minnkað, hárlínan færð fram og nokkur smáatriði í viðbót lagfærð. Mér finnst það vel þess virði til að aðrir sjái mig eins og ég lít út í huganum.“

Áttu þér uppáhaldsflík?

„Ég á nú nokkrar sem mér þykir vænt um, fila góðar þéttar uppháar gallabuxur og einfalda boli, peysur og blússur. Svo á ég æðislega kápu sem foreldrar mínir keyptu í Edinborg handa mér. Hún var keypt hjá einhverjum hönnuði og er ein af sinni tegund og ég elska hana, svo hún deilir uppáhaldssætinu með annarri flik, sem er svartur erma- laus ullarsparikjöll sem ég keypti í New York fyrir þremur árum. Hann er ekkert sérstaklega fancy kannski, en hann er með fyrstu sparflíkunum sem ég keypti mér eftir að ég fór í gang með mitt ferli, og svo er hann líka hlýr og fall- egur.“

Hvar kaupirðu helst fót?

„Helst kaupi ég fót á netinu, en ég fer líka í H&M, Zöru og fleiri staði. Desigual stundum, en kannski meira fyrir aukahluti. Annars hef ég ekki mikla hollustu við tiltekna söluaðila og versla oft í Hagkaupum og margar af mínum uppáhaldsflíkum keypti ég í Kolaportinu, til dæmis flottan leðurjakkka sem ég fékk á nokkra þúsundkalla.“

Notar þú fylgihluti og skart?

„Já, en fer mjög rólega í það. Nota litla eyrnalokka úr titánium og sams konar pinna í efri hluta vinstra eyrans. Fila líka stílhreint og einfalt í þeim efnum þó ég skipti kannski í aðeins stærra við sérstök tilefni. En svo á ég flotta Desigual handtösku sem ég nota undir dag- lega hafurtaskið, en er ekki alveg búin að átta mig á hvernig er best að vera samtímis með handtösku, tölvutösku fyrir vinnuna, og íþróttatösku fyrir ræktina.“

Áttu þér tiskufyrirmynd?

„Í raun ekki. Kannski einhverjar óljósar hugmyndir úr sjónvarpi, en svo eru auðvitað áhrif frá mömmu minni, hún er pönkari og ég fíla það, þó ég hafi ekki alveg sama pönkið í mér, þá hallast ég aðeins að þeim stíl.“



# AÐGERÐIR TIL AÐ SETJA GEÐHEILSU Í FORGANG

- 1 Gera heildarúttekt á umfangi og framkvæmd geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi
- 2 Efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað og gera þjónustuna þverfaglegri
- 3 Stóraka stuðning og fræðslu fyrir foreldra
- 4 Hefja niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu
- 5 Gera geðrækt hluta af aðalnámskrá grunnskóla
- 6 Fjölga atvinnutækifærum fyrir ungmenni og fólk með geðrænar áskoranir
- 7 Byggja nýtt húsnaði geðsviðs LSH og endurskoða hugmyndafræði og innihald meðferðar
- 8 Útiloka nauðung og þvingun við meðferð
- 9 Koma á fót Geðráði, breiðum samráðsvettvangi um geðheilbrigðismál



# Hönnun þarf að gera ráð fyrir öllum

Sinead Burke er írskur rithöfundur, áhrifavaldur og tiskufyrirmynd. Þrátt fyrir að vera ekki nema rúmlega einn metri á hæð, hefur hún náð að vekja athygli og skapa sér nafn í tiskuheiminum.

Sandra Guðrún  
Guðmundsdóttir  
sandragnun@frettabladid.is



Sinead, sem er þritug í dag, byrjaði að blogga 16 ára gömul þar sem hún gagnrýndi tiskuheiminn fyrir að bjóða ekki velkomið fólk af ólíkum stærðum og gerðum. Hún upplifði sig ekki passa inn í tiskuheiminn vegna fötlunar sinnar, en Sinead sem er rétt rúmlega einn metri á hæð er með dvergþvöxt sem stafar af brjóskeyrkingi (e. anchondroplasia), en það er dvergþvöxtur sem veldur því að beinagrindin er í öðrum hlutföllum en venjan er. Oft er höfuðið stórt miðað við aðra líkamshluta og útlímur stuttur. Sinead kys að kalla sig litla manneskju.

Sinead hefur rætt um það að erfitt geti verið fyrir hana að finna fót sem passa henni, hún á til dæmis oft í erfiðleikum með að finna fall-ega kjóla og skó sem henta henni. Henni leið mjög oft illa yfir því sem unglingi með mikinn tiskuáhuga, að fylgjast með yngri systkinum sínum fjórum sem voru öll meðalhá, geta keypt sér næstum hvað sem hugurinn girntist. Í nýlegu viðtali við The Guardian segir hún að hún hafi skilið það sem svo að eitt af hlutverkum tiskunnar væri að tákna þroska, en hún gat ekki tekið þátt í því, þegar hún gat helst bara fundið fót í barnadeildinni og þurfti að láta breyta sniðum svo fötin hentuðu henni.

Sinead stofnaði ásamt Liz Jackson, bandarískri baráttukonu fyrir réttindum fatlaðra, samvinnuhópin IFDC, sem hefur það markmið að hvetja fatahönnuði til að hugsa út fyrir boxið og hanna fót sem henta fötludum og öðrum sem passa ekki í hið hefðbundna mót. Sinead hefur líka barist fyrir því að tekið sé tillit til fólks með ólíkar fatlanir við alla hönnun. Ekki bara fatahönnun heldur líka við hönnun í almenningssýmum, svo sem á kaffihúsum, flugvöllum og almenningssalernum, svo dæmi séu nefnd.

Sinead Burke var fyrsta litla manneskjan sem hefur verið



gestur á Met Gala, þar sem mikið af stjörnum mætir í klæðnaði frá helstu tiskurisum heims. Þar var hún klædd flauelskjól frá Gucci. Hún hefur einnig mætt á marga aðra stóra tiskuvíðburði í sérsaum- uðum fatnaði frá frægum fatahönnuðum.

Sinead gaf nýlega út bókina Break the mould, how to take

your place in the world, sem mætti þýðast: Brjóttu rammann, hvernig á að taka sér pláss í heiminum. Með bókinni vonast hún til að ungir lesendur átti sig á því að þeir sjálfir eru nóg eins og þeir eru og að við eigum öll að bera ábyrgð á því að gera heiminn að stað þar sem ríkir meira jafnrétti og aðgengi fyrir alla.

Sinead Burke  
í Burberry-  
frakka, rúllu-  
kragaból og  
Missoni-pílsi  
á tiskuvíkunni  
í London í  
febrúar á þessu  
ári. FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY



Sinead Burke á tiskuvíkunni í Milanó þegar haust- og vetrartískan 2019-2020 var kynnt í fyrra. Sinead berst fyrir því að tiskan verði gerð aðgengilegri fyrir alla.

Sjálf segir Sinead að hún hafi alla tíð trú að því að hún gæti gert það sem hún vildi, þrátt fyrir fötlun sína. Hún þakkar fjölskyldunni sinni fyrir það en hún segist hafa verið elskað barn. Auk þess segir hún að faðir hennar hafi verið góð fyrirmynd fyrir hana, þar sem hann er með sömu fötlun og hún en hefur ekki látið hana stoppa sig.

Sinead segist vakna á hverjum morgni klukkan sex og þá les hún tiskutímarit og viðskiptatímarit og hún segist alltaf þegar hún les, hugsa um þær myndir sem ekki birtast í tímaritunum, og þær raddir og sjónarmið sem ekki fá að heyrast. Eitt sitt þegar tisku-

gagnrýnandinn Vanessa Friedman skrifaði grein í New York Times, þar sem hún lýsti því að fatlaðir væru við síðasta vígi tiskunnar, en ræddi ekki við neinn fatlaðan einstakling, þá sendi Sinead henni tölvupóst og út frá því myndaðist vinskapur milli þeirra.

Í viðtalinu í the Guardian sem birtist á dögunum bendir hún á að fatlað fólk á markaðnum hafi sömu eyðslugetu og allur kinnverski markaðurinn. Þrátt fyrir það er horft fram hjá því. Hún segir að markmið sitt sé þó ekki að hanna fatalínu sem passi henni, heldur að breyta öllu kerfinu. Því hvernig fólk hugsar um hönnun.

## FLOTT FÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna




Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Sinead Burke hefur mætt á helstu tiskuvíðburði heims, en hér er hún með Edward Enninful, aðalritstjóra breska Vogue og Hamish Bowles, sem er einn af evrópskum ritstjórum Vogue. Sinead prýddi forsiðu breska Vogue í fyrra.





# CHANEL

## GLÆSILEGA JÓLALÍNAN FRÁ CHANEL ER KOMIN Í LYF OG HEILSU KRINGLUNNI

AF ÞVÍ TILEFNI BJÓÐUM VIÐ 20% AFSLÁTT AF ÖLLUM CHANEL VÖRUM 5.-8. NÓVEMBER.

SÉRFRÆÐINGUR FRÁ CHANEL VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF

FRÍ HEIMSENDING

[www.lyfogheilsa.is](http://www.lyfogheilsa.is)

 **Lyf & heilsa**  
Kringlunni



# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími  
er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

**Þjónusta**

**Pípulagnir**

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**  
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.  
**Uppýsingar í síma 868-2055**

**Garðyrkja**



**PROSTONE**

» Jarðvinna

» Drenlagnir

» Hellulagnir

» Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga,  
fyrirtæki og húsfélög

519 7780

[prostone@prostone.is](mailto:prostone@prostone.is)

**Málarar**

**REGNBOGALITIR EHF.**  
Alhliða málningarþjónusta.  
Getum bætt við okkur verkefnum  
innan húss. Vönduð vinnubrögð  
og vanir menn. Sími 8919890 eða  
[malarar@simnet.is](mailto:malarar@simnet.is)

**Húsaviðhald**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK  
- FLOTUN - SANDSPARSL -  
MÁLUN - TRÉVERK**  
Ásamt öllu almennu viðhaldi  
fasteigna.  
  
Áratuga reynsla og þekking skilar  
fagmennsku og gæðum.  
  
Tímavinna eða tilboð.  
  
Strúctor byggingaþjónusta ehf.  
  
S. 893 6994



**PROSTONE**

» Smíðavinna

» Múrvinna

» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,  
fyrirtæki og húsfélög

519 7780

[prostone@prostone.is](mailto:prostone@prostone.is)

**PARKETLAGNIR.**  
Tek að mér parketlagnir, hafið  
samband og ég geri tilboð. Gsm:  
8975744

**Rafvirkjun**

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.  
S. 663 0746.**  
Þjódum hagstætt verð í töfluskipti.  
Straumblik ehf. Lögiltur  
Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,  
fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra  
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.  
Mikaels. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is)  
[flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

**Keypt  
& Selt**

**Óskast keypt**

**STADGREIÐUM OG LÁNUM  
ÚT Á: GULL, DEMANTA,  
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**  
  
Hringar, hálsmen, armbönd,  
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.  
Hringdu núna og fáðu tilboð þér  
að kostnaðarlausu!  
  
[www.kaupungull.is](http://www.kaupungull.is)  
**Opið mán - fös 11-16,  
Skipholt 27, 105**  
  
**Upplýsingar í síma 782 8800**

**Til sölu**



**myranaut**

**15% AFSLÁTTUR Í NÓVEMBER**  
Gæða ungnautakjöt beint frá býli.  
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,  
snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is)  
s. 868 7204

**Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar**  
**Vandaðir  
krossar á leiði!**  
  
**JS LJÓSASMÍÐJAN**  
VÉLAVERKSTEDI  
SLATTUVELAÞJÓNUSTAN  
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með  
rafgeymi, einnig 24 volta og 32  
volta vandaðir díóðuljósakrossar  
á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf  
Skemmuvegur 34 (brún gata) 200  
kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699  
2502. Opið virka daga 8-17

**Til bygginga**



**HARÐVIÐUR TIL  
HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR  
Á: VIDUR.IS**  
Vatnasklæðning, panill, pallaefni,  
útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði.  
Eurotec A4 harðviðarskrúfur.  
Penofin og Armstrong Clark  
harðviðarolla. Indus ehf,  
Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi  
í sínum 660 0230 og 561 1122

Ábendingahnappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



**S A F E T Y**



**Sterk tengsl  
í íslensku atvinnulífi**

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)

**HAGVANGUR**

**CODDOC**  
Sport og hreyfing

**Íslenskt undur  
sjávarensíma**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**LED leiðiskrossar**  


Gengur fyrir raf-  
hlöðum eða  
tengist rafmagn.

Rafhlaða endist  
um það bil í einn  
mánuð.

**Upplýsingar í s. 699 6869 og [rafeindir.is](http://rafeindir.is)**



**EYJALIND**

**Varahlutir í VOLVO  
Vinnutæki**  


Vertu vinur okkar á Facebook  
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**  


• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.  
• Veggjagrind út 45x95 timbri.  
• Pappi og bástúl á þaki.  
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.  
• Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða  
s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

**Ferðapjónustuhús**  


Vönduð hús sem henta  
vel í ferðapjónustuna,  
afhendað fullkláruð.  
  
Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is)  
eða í síma 899 0913 Fríða  
[www.reisum.is](http://www.reisum.is)

**viftur.is**  
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir  
**íshúsið**  


S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**  
ÞÆRT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?  


**HAÐU SAMBAND OG VIÐ  
GERUM ÞÉR TILBOÐ**  
**FRÉTTABLAÐIÐ**  
Sími 550 5055 | [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)